# Árs- og sjálfbærni-skýrsla

2025

SÝN

# Efnisyfirlit

## Sýn í hnotskurn


4 Um Sýn
5 Sýn í tölum
6 Ávarp forstjóra og stjórnarformanns
8 Stjórnarhættir
13 Skipurit og skipulag
14 Gengi á markaði
15 Vottanir


## Fjárhagur


17 Lykiltölur
18 Efnahagur og sjóðstreymi


## Árið 2025


25 Tímamótaár að baki


## Okkar sýn


33 Okkar Sýn


## Sjálfbærni


35 Sjálfbærni
36 Sjálfbærnistefna Sýnar
39 Heimsmarkmið
40 Samfélag
42 Mannauður og menning
47 Umhverfi
51 Tvöföld mikilvægisgreining
52 Flokkunarreglugerð
55 Birgjamat
56 Hagsmunaaðilar
57 Virðiskeðja
58 Áhættustjórnun
60 Sjálfbærniuppgjör
68 VSME tilvísunartafla

// 01

# Sýn í hnotskurn



SÝN

# Um Sýn

Sýn er leiðandi afl á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar á Íslandi. Hjá Sýn sameinum við það besta úr heimi tækni og afþreyingar og breytum hversdagsleikanum í upplifun. **Það er betra að vera með Sýn** – hvort sem þú ert að horfa, hlusta, vafra eða vinna.



Í gegnum tíðina hefur félagið tekið á sig ýmsar myndir, þróast í takt við tímann, víkkað út þjónustuframboð sitt og starfað undir mörgum mismunandi vörumerkjum. Á árinu komum við saman í fyrsta sinn að fullu undir merkjum Sýnar og komum fram sem ein heild með sameiginlega sýn sem mótuð er úr því besta úr fjölbreyttri arfleifð okkar. Sýn er með starfsemi í Reykjavík og á Akureyri.

Saga Sýnar er samofin sögu frumkvöðla sem þorðu að ögra ríkjandi kerfum, brjóta upp einokun og bjóða upp á ferska nálgun í þjónustu við viðskiptavini. Þeir lögðu grunninn að því sem við erum í dag og vísa okkur áfram veginn.

Við tökum fagnandi á móti framtíðinni, hræðumst ekki breytingar og þorum að hrista upp í hlutunum. Við munum halda áfram að taka djarfar ákvarðanir og þróast í takt við þarfir og væntingar viðskiptavina okkar. Vilt þú hraðara net? Meira sport? Áreiðanlegar upplýsingar? Eða einfaldlega meiri gleði? Okkar metnaður liggur í því að mæta þínum þörfum - ***Þín sýn er okkar Sýn.***

# Sýn í tölum

51 af 100 stærstu fyrirtækjum landsins eru í viðskiptum með fjarskipti

Meðalstarfsaldur **7,8 ár**

**Aldrei fleiri í farsímaáskrift!** Fjölgun um **4,6%** á milli ára

Miðlar Sýnar ná samanlagt til um **74%** **þjóðarinnar** á degi hverjum*

**Vísir** er einn af tveimur **mest lesnu** vefjum landsins*

Bylgjan á **58 af 60** bestu klukkutímum vikunnar í útvarpi hjá 18-49 ára*

**22% fleiri** í pökkum hjá **Sýn**

**Met í auglýsingasölu** Fjórði ársfjórðungur 2025 var tekjuhæsti ársfjórðungur í auglýsingasölu frá upphafi!

**6,7% aukning** í heimatengingum á milli ára

Miðlar Sýnar ná samanlagt til um **87%** **þjóðarinnar** í hverri viku*

Óútskýrður launamunur mælist **0,5%** **körlum í vil** samkvæmt jafnlaunaúttekt 2025

Aukning um **27%** í auglýsingasölu í **sjónvarpi á milli ára**

**48% aukning** á áhorfi 12-80 ára á sjónvarpsstöðvar Sýnar á fjórða ársfjórðungi 2025 samanborið við sama tímabil í fyrra*

*Heimild: Gallup

# Ávarp forstjóra og stjórnarformanns

## *Kjarnareksturinn styrkist ár frá ári*

Árið 2025 var krefjandi í rekstri Sýnar, en ákvarðanir sem teknar voru á árinu munu auðvelda til muna yfirsýn og áætlanagerð, renna styrkari stoðum undir reksturinn og móta fyrirtækið til lengri tíma litið.



Unnið var að þeim markmiðum sem ákveðin voru eftir mikla stefnumótunarvinnu á haustmánuðum 2024, en þar var megináherslan lögð á að styrkja grunnrekstur fyrirtækisins, einfalda starfsemina og skapa forsendur sjálfbærs reksturs til framtíðar.

Í heild gekk vel að hrinda meginþáttum stefnunnar í framkvæmd og mörgu grettistaki var lyft. Hins vegar ber að hafa í huga að stefnumörkunin er til þriggja ára og enn er verk að vinna. Eins kom á daginn að umfang breytinganna gerði áætlanagerð og mat á tímasetningu tekjufærslu erfiðari en áætlað var.

Á árinu voru teknar stórar rekstrarlegar ákvarðanir, þ. á m. um að selja 4G og 5G dreifikerið til Sendafélagsins, fækka vöruflokkum félagsins úr yfir hundrað í sex skýra valkosti og ráðast í endurmörkun félagsins. Framkvæmd þessara breytinga gekk vel og megináherslur stefnunnar náðu fram að ganga. Frávik frá markmiðum ársins skýrðust hins vegar að mestu af þróun auglýsingatekna og lægri tekjum af hlutanetslausnum (IoT) sem reyndust undir upphaflegum áætlunum.

Sýn byggir á sterkri arfleifð í fjarskiptum og fjölmiðlum en starfsemi félagsins hafði þróast í flókið samspil eininga, vöruframboðs og tekjustrauma sem gerði yfirsýn og forgangsröðun erfiðari en æskilegt var. Í lok árs 2024 var því tekin stefnumótandi ákvörðun um að sameina starfsemi félagsins undir einu vörumerki, Sýn, með það að markmiði að einfalda uppbyggingu, bæta yfirsýn og leggja grunn að skýrari rekstrarstjórnun. Endurmörkun Sýnar og einföldun vöruúrvals byggði á víðtækri þátttöku starfsfólks með áherslu á einfaldari lausnir og heildræn viðskipti til að styðja við skilvirkari rekstur til lengri tíma, en aðalatriðið var að gera vöruframboðið gagnsærra og bæta gæði þjónustunnar við viðskiptavini okkar.

Mikilvægur áfangi í þessari vegferð var að félagið setti fram starfsþáttayfirlit sem gerði stjórnendum

kleift að greina afkomu einstakra starfssviða á markvissan og samanburðarhæfan hátt. Þetta hefur styrkt ákvarðanatöku, aukið gagnsæi og skapað betri forsendur fyrir forgangsröðun verkefna og fjármagns.  Á grundvelli þessa hefur jafnframt verið unnt að leggja skýrara mat á þróun kjarnarekstrar félagsins milli ára óháð áhrifum af hlutaneti (IoT) og innviðasölu sem hvoru tveggja hafði veruleg áhrif á tekjur og afkomu félagsins á ákveðnu tímabili. Slíkur samanburður sýnir að undirliggjandi rekstur hefur styrkst jafnt og þétt og var fjórði ársfjórðungur 2025 einn sá besti í kjarnarekstri félagsins frá árinu 2019.

Með bættri yfirsýn hefur jafnframt orðið skýrara hvaða þættir starfseminnar búa við krefjandi markaðsaðstæður, þ. á m. fjölmiðlarekstur sem stjórn félagsins hefur tekið til stefnumótandi endurskoðunar. Sú vinna er enn í gangi og breytingar á sjónvarpsfréttum eru eitt af þeim skrefum sem nauðsynleg hafa verið í aðlögun starfseminnar að breyttum rekstrarforsendum.

Sjálfbærni einkarekinna fjölmiðla byggist ekki á styrkjum eða endurúthlutun tekna frá ríkismiðlinum heldur á jafnræði í samkeppni og skýru aðgreindu hlutverki ríkis og markaðar. Þegar ríkisrekinn miðill starfar á auglýsingamarkaði á öðrum forsendum en einkareknir miðlar er samkeppnisstaðan skekkt og hvatar til uppbyggingar veikjast. Rök sem byggja á því að auglýsingafé haldist aðeins innanlands með virkri þátttöku ríkisrekins miðils fela sjálfkrafa í sér að einkareknir fjölmiðlar fá ekki raunhæft tækifæri til að byggja upp styrk eða samkeppnishæfni. Slík nálgun tryggir hvorki sjálfbærni né fjölbreytni heldur festir markaðinn í þróun sem er þegar í gangi og leiðir til þess að innlendir einkareknir miðlar veikjast gagnvart alþjóðlegri samkeppni.

Fjarskiptastofa skyldaði Sýn til að verða við flutningsréttarkröfu Símans hf. sem byggð var á ákvæðum fjölmiðlalaga.  Frá upphafi hafði Sýn lagt áherslu á að allir neytendur hefðu jafnan aðgang að efninu, óháð fjarskiptafyrirtæki, í gegnum opið app Sýnar og eigin dreifileiðir. Með ákvörðun Fjarskiptastofu var hins vegar gengið lengra þar sem Sýn var gert skylt að afhenda efnið inn á lokað kerfi samkeppnisaðila. Málið fékk flýtimeðferð fyrir dómstólum en áður en það var flutt náðist samkomulag, þann 30. janúar 2026, milli Sýnar og Símans um helstu skilmála um heildsölu/dreifingu á sjónvarpsþjónustu og að fella málið niður fyrir dómi.  Var það mat Sýnar, eins og á stóð, að heillvænlegast væri að semja um lyktir málsins á viðskiptalegum forsendum og draga þannig úr óvissu, sem annars myndi fylgja tímafrekum málaferlum.

Eftir stendur að Sýn telur inngrip Fjarskiptastofu (FST) hafi verið  í andstöðu við eignarréttarákvæði stjórnarskrár og draga úr virði erlendra og innlendra sýningarétta. Þegar sá sem ber alla fjárhagslega áhættu af kaupum á slíkum réttindum getur ekki tryggt sér raunverulega aðgreiningu á markaði, rýrir það óhjákvæmilega viðskiptalegt virði þeirra.

Fjarskipti eru meðal mikilvægustu innviða samfélagsins og rekstur þeirra krefst stöðugleika, öryggis og ábyrgðar. Áhersla Sýnar á þessum sviðum stendur óhögguð og er grundvallarforsenda starfsemi félagsins og trausts viðskiptavina.

Sjálfbærni er órjúfanlegur hluti af starfsemi Sýnar. Árið 2025 var áfram unnið að því að samþætta sjálfbæra starfshætti í alla starfsemi félagsins, með áherslu á ábyrgð, gagnsæi og skýra áhættustýringu.

Mannauðurinn er lykillinn að öllum árangri sem náðst hefur í rekstri fyrirtækisins. Árið 2025 reyndi á starfsfólk Sýnar í krefjandi aðstæðum. Við þökkum þeim fyrir fagmennsku, seiglu og metnað á árinu og munum áfram leggja áherslu á vinnuumhverfi sem byggir á trausti, skýrum markmiðum og ábyrgð.

Árið 2025 var því ekki ár fullnaðarsigra heldur ár nauðsynlegra ákvarðana sem móta  munu rekstur fyrirtækisins til framtíðar. Með skýrari forgangsröðun, bættri yfirsýn yfir afkomu starfssviða og einfaldari rekstraruppbyggingu er Sýn betur í stakk búin til að takast á við þær breytingar sem fram undan eru og skapa hluthöfum og samfélaginu raunverulegt virði til lengri tíma litið.

***Við þökkum starfsfólki, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og hluthöfum fyrir traust og samvinnu á árinu.***

**Herdís Dröfn Fjeldsted og Hákon Stefánsson**
Forstjóri Sýnar og stjórnarformaður Sýnar

# Stjórnarhættir

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti Sýnar hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland (6. útgáfa leiðbeininganna frá 2. febrúar 2021), með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar hf. og auka gagnsæi.

## Lög og reglur

Stjórnarhættir Sýnar hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lögum nr. 70/2022 um fjarskipti, lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina. reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar, sem og einstakra undirnefnda stjórnar. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, en samþykktir og reglur félagsins á www.syn.is.

Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem hægt er að nálgast á slóðinni www.leidbeiningar.is.  Sýn hf. hefur einnig fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001 og íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85.  Fyrirtækið hefur fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála og viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar en markmið hennar er að auka jafnvægi kynjanna í efstu lögum skipulagsheilda.

## Stjórn Sýnar hf. 2025

Í stjórn Sýnar sitja öllu jöfnu fimm aðalmenn og tveir varamenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundi, auk lögmanns félagsins sem er ritari stjórnar. Þá er framkvæmdastjóri fjármálasviðs reglulegur þátttakandi á stjórnarfundum. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á árinu 2025 voru bókaðir 22 formlegir stjórnarfundir. Góð mæting stjórnarmanna var á stjórnarfundi og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Sama gildir almennt um mætingu og ákvörðunarbærni á fundum undirnefnda stjórnar.

Á aðalfundi þann 14. mars 2025 var kosið í aðal- og varastjórn félagsins. Á fundinum voru þau: Hákon Stefánsson, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, Ragnar Páll Dyer og Heiðrún Lind Marteinsdóttir kjörin í stjórn félagsins. Daði Kristjánsson og Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir voru kjörin varamenn.

## Í árslok 2025 var stjórn Sýnar hf. skipuð eftirfarandi aðilum:



***Hákon Stefánsson***, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1998 og er með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Hann hefur frá árinu 2019 starfað sem forstjóri InfoCapital ehf. Áður var hann meðeigandi Lögmanna Mörkinni 2018-2019. Þá gegndi hann

ýmsum störfum á árunum 2006-2018 fyrir Creditinfo Group, svo sem starfi framkvæmdastjóra á Íslandi, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og alþjóðamarkaða, sem og starfi aðstoðarforstjóra. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Intrum Justitia á árunum 2002-2006, var bæjarlögmaður á Akureyri 2000-2002 og starfaði sem löglærður fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur 1998-2000. Hákon situr og hefur setið í stjórnum fjölmargra innlendra og erlenda fyrirtækja auk þess að sitja í stjórnum opinberra stofnana og fyrirtækja. Félög tengd Hákoni, þ.e. Íslex ehf., InfoCapital ehf. og Gavia Invest ehf., fara með 61.147.128 hluti í Sýn hf.



**Petrea Ingileif Guðmundsdóttir**, varaformaður stjórnar, er fædd árið 1974. Hún á að baki langa reynslu sem stjórnandi og sérfræðingur hjá fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum, starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðssviðs 365 árin 2014 til 2016 og sem forstjóri Tals 2013 til 2014. Hún starfaði einnig sem framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans og markaðsstjóri Símans og Skjás Eins. Petrea Ingileif hefur lokið BS prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Petrea Ingileif situr í dag í stjórnum Ósa, Icepharma, Daga og Allianz á Íslandi ásamt því að sinna ráðgjafastörfum.

Petrea sat einnig í stjórn Sýnar frá árinu 2020 til 2022, sem varaformaður stjórnar frá árinu 2021 til 2022 og formaður stjórnar frá ágúst til október árið 2022. Petrea var formaður stjórnar Símafélagsins frá árinu 2017 til 2018, fram að því að félagið var selt til Nova. Petrea sat í stjórn Terra frá árinu 2017 til 2024. Petrea Ingileif á ekki eignarhlut í félaginu.



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir** er fædd árið 1979. Hún hefur starfað sem lögmaður með megin áherslu á sviði stjórnarhátta, félaga-, samkeppnis-, fjarskipta- og verðbréfamarkaðsréttar. Heiðrún hefur einnig lokið prófi í verðbréfamiðlun. Hún var einn eigenda LEX lögmannsstofu til ársins 2016. Hún þekkir því vel þau lögfræðilegu svið sem tengjast starfsemi Sýnar. Heiðrún Lind sat um tíma í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. og stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Hún er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og situr auk þess í stjórn Samtaka atvinnulífsins og Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Hún hefur því víðtæka þekkingu á sviði rekstrar, vinnumarkaðar, efnahagsmála og stjórnsýslu. Heiðrún á 2.000.000 eignarhluti í félaginu í gegnum einkahlutafélag sitt Módel 79 ehf.



**Páll Gíslason** er fæddur árið 1976. Hann er rafmagns- og tölvuverkfræðingur og hefur mest allan sinn feril starfað við nýsköpun á ýmsum sviðum, m.a. við fjarskipti, markaðsviðskipti, fjártækni og hljóðtækni. Hann starfaði í tæp 20 ár á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, lengst af sem forstjóri og meðstofnandi World Financial Desk (WFD) í Bandaríkjunum, en í framhaldi af því sem sjóðsstjóri hjá Crabel Capital Management og síðar sem forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Jiko Group.  Páll starfar í dag sem framkvæmdastjóri IDER ehf.  Páll hefur setið í stjórn Sýnar frá 2021 og situr einnig í stjórn ALM Verðbréfa.



***Ragnar Páll Dyer*** er fæddur árið 1977. Hann lauk Stanford Executive Program frá Stanford Háskóla 2019 og BSc gráðu í rekstrarverkfræði með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík 2008. Hann hefur frá 2023 starfað sem framkvæmdastjóri hjá InfoCapital ehf. en áður starfaði Ragnar í 16 ár á fjármálamarkaði innan Kviku samstæðunnar nú seinast sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs og stjórnarmaður í TM Tryggingum hf. og Kviku Securities í London. Þar áður starfaði Ragnar við upplýsingatækni sem stjórnarmaður í dótturfélögum og framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Creditinfo Group og sem deildarstjóri vefþróunar hjá Símanum. Ragnar situr og hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtæki bæði á Íslandi og erlendis. Félög tengd Ragnari, þ.e. InfoCapital ehf., Gavia Invest ehf. og H33 Invest ehf. fara með 58.147.128 hluti í Sýn hf.

Allir stjórnarmenn félagsins teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, og samkeppnisaðilum. Þeir Hákon Stefánsson og Ragnar Páll Dyer teljast háðir stórum hluthöfum félagsins í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

## Varamenn stjórnar

Varamenn stjórnar eru þau Daði Kristjánsson og Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir.

## Helsta hlutverk stjórnar:

Meginhlutverk stjórnar Sýnar hf. er að marka félaginu stefnu og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmörkuð.

- Gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaði stefnu.
- Taka ákvarðanir í málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- Sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Ráða forstjóra og eftir atvikum veita honum lausn.

## Starfsreglur stjórnar

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar af stjórn þann 28. apríl 2025. Starfsreglurnar samræmast leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

## Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat þann 22. janúar 2026. Helstu þættir sem lagt var mat á voru:

1. Störf stjórnar, verklag og starfshættir.
2. Virkni stjórnar.
3. Frammistaða stjórnarformanns og forstjóra.
4. Undirnefndir stjórnar.
5. Þróun félagsins.

## Undirnefndir stjórnar

Í endurskoðunarnefnd Sýnar hf. sitja allt að þrír nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega, síðast þann 28. apríl 2025. Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða er varðar fjármál ásamt því að fylgja eftir úrbótum vegna annmarka sem fram koma.
3. Hafa eftirlit með og yfirfara endurskoðun ársreikninga, samstæðureikninga og annarra

fjárhagsupplýsinga félagsins.

**4.** Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda.

**5.** Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2025 voru í endurskoðunarnefnd Sýnar hf. Erik Ingvar Bjarnason, formaður, Ragnar Páll Dyer og Páll Gíslason. Nefndin fundaði reglubundið á árinu í tengslum við árs- og árshlutareikninga. Allir nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Sýnar hf. og daglegum stjórnendum. Ragnar Páll Dyer telst háður stórum hluthöfum í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Í starfskjaranefnd Sýnar hf. sitja allt að þrír nefndarmenn og eru skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur, sem voru staðfestar síðast þann 28. apríl 2025. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu Sýnar hf. Hlutverk nefndarinnar er að öðru leyti m.a. að undirbúa tillögur til stjórnar varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda og lykilstjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Nefndinni er ætlað að tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni. Þá er henni ætlað að taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.

Við árslok 2025 var starfskjaranefnd Sýnar hf. skipuð þeim Hákoni Stefánssyni og Petreu Ingileifu Guðmundsdóttur. Starfskjaranefnd félagsins leggur áherslu á að gagnsæi ríki um starfskjör hjá félaginu gagnvart hluthöfum þess og hefur fylgst með óskum hluthafa um aukið gagnsæi og unnið í því að bæta upplýsingar bæði í ársreikningi og í skýrslu starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd fundaði með óreglubundnum hætti á árinu 2025. Petrea telst óháð félaginu og stórum hluthöfum en Hákon telst háður stórum hluthöfum í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Tilnefningarnefnd Sýnar hf. hefur sett sér starfsreglur sem hafa verið staðfestar á aðalfundi félagsins. Á aðalfundi árið 2024 var samþykkt sú breytingu á skipan tilnefningarnefndar stjórnarmaður eigi ekki sæti í tilnefningarnefnd. Þess í stað skipi stjórn tengilið úr sínum röðum við tilnefningarnefnd í því skyni að tengsl stjórnar og tilnefningarnefndar rofni ekki. Hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Sýnar hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins árið 2025 var þetta breytta fyrirkomulag staðfest og fram fór kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar, en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, geyma tilmæli um starfsemi tilnefningarnefnda.

Tilnefningarnefnd er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja aukið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

Við árslok 2025 var tilnefningarnefnd Sýnar hf. skipuð Þresti Olaf Sigurjónssyni, formanni nefndarinnar og Guðríði Sigurðardóttir. Heiðrún Lind Marteinsdóttir er tengiliður stjórnar við tilnefningarnefnd. Eru þau öll óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess. Tilnefningarnefnd hélt fjölda funda á starfsárinu, einkum með hluthöfum en jafnframt með stjórnendum félagsins.

Starfsreglur undirnefnda eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.syn.is. Jafnframt er að finna upplýsingar um skipan og hlutverk undirnefnda á vefsíðu félagsins.

## Forstjóri Sýnar hf.

Herdís Dröfn Fjeldsted er forstjóri félagsins og tók til starfa í janúar 2024.





## Framkvæmdastjórn Sýnar hf. 2025

Forstjóri og framkvæmdastjórar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftar ef þurfa þykir. Við árslok 2025 skipuðu eftirtaldir aðila framkvæmdastjórn félagsins:

Eðvald Ingi Gíslason, framkvæmdastjóri fjármála, Páll Ásgrímsson, aðallögfræðingur, Gunnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri upplýsingatækni, Guðmundur Halldór Björnsson, framkvæmdastjóri sölu og markaðsmála, Sigurbjörn Eiríksson, framkvæmdastjóri innviða, Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, framkvæmdastjóri miðla og efnisveitna og Valdís Arnórsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu og mannauðs.

# Skipurit og skipulag

Breytingar urðu á stjórnskipulagi Sýnar í lok árs en þá var tekin ákvörðun um að Sölu- og þjónustusvið verði sameinað inn á tvö svið. Sölusvið sameinaðist Upplifun viðskiptavina undir heitinu Sölu- og markaðssvið og er Guðmundur Halldór Björnsson framkvæmdastjóri sviðsins. Þjónustusvið rann saman við mannauðssvið sem ber eftir breytingu ábyrgð á þjónustu til innri og ytri viðskiptavina og heitir Þjónustu- og mannauðssvið. Framkvæmdastjóri sviðsins er Valdís Arnórsdóttir.



# Gengi á markaði

Velta með hlutabréf félagsins árið 2025 nam tæplega 3,4 milljörðum króna í alls 1.122 viðskiptum. Mest var veltan í mars en heildarvelta þess mánaðar nam tæplega 1,3 milljarði króna. Velta í hlutum dróst saman um 47,8% á milli ára. Hluthafar í árslok 2025 voru 410 samanborið við 380 í lok árs 2024. Gengi félagsins fór úr 32,2 í lok árs 2024 í 18,1 í lok árs 2025 sem er 43,8% lækkun milli ára.

| Nr. | Nafn | Fjöldi hluta | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 1 | Gavia Invest ehf. | 45.147.128 | 18,23% |
| 2 | Gildi - lífeyrissjóður | 39.490.655 | 15,95% |
| 3 | Skel fjárfestingafélag hf. | 25.000.000 | 10,09% |
| 4 | Reir ehf. | 20.650.000 | 8,34% |
| 5 | Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild | 13.678.286 | 5,52% |
| 6 | Arion banki hf. | 12.525.751 | 5,06% |
| 7 | InfoCapital ehf. | 12.000.000 | 4,85% |
| 8 | Arcus Invest ehf. | 11.026.599 | 4,85% |
| 9 | Tækifæri ehf. | 10.863.103 | 4,39% |
| 10 | Birta lífeyrissjóður | 8.519.283 | 3,44% |

# Vottanir

Sýn leggur ofuráherslu á öryggismál og fagleg vinnubrögð í starfsemi félagsins.  Í byrjun júní 2025 fékk félagið staðfest endurnýjun á vottun í samræmi við alþjóðastaðalinn ISO27001, stjórnkerfi um upplýsingaöryggi.  ISO27001 vottunin er mikilvæg trygging fyrir viðskiptavini okkar og staðfestir að unnið sé í samræmi við kröfur staðalsins og að í Sýn sé starfrækt virkt stjórnkerfi til að tryggja öryggi upplýsinga.




Í maí 2025 var framkvæmd úttekt á jafnlaunakerfi Sýnar og mæltu vottunaraðila með því að Sýn fengið áframhaldandi vottun samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012, um jafnlaunakerfi.  Vottunin staðfestir að hjá Sýn er starfrækt jafnlaunakerfi sem stenst kröfur staðalsins og laga nr. 50/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Sýn leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í vinnuverndarmálum og einsetur sér að vernda starfsfólk, verktaka og aðra þá sem starfa fyrir félagið og skapa slysalausa vinnuaðstöðu.  Sýn hefur innleitt verklag í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO45001:2018, stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað.

Sýn hefur komið upp virku stjórnkerfi sem inniheldur ferla og skipulag í samræmi við staðlana og þau lög og reglur sem gilda um félagið. Kerfið tryggir að unnið sé faglega í samræmi við þekkta ferla og skipulag sem styður við markmið Sýnar um öryggi, heilbrigði og vinnuumhverfi á vinnustöðum starfsfólks, verktaka eða þriðja aðila sem vinna fyrir fyrirtæki.

// 02

# Fjárhagur



SÝN

# Lykiltölur

## Tekjur

**2025**

**21.981** +1,5% ↑

4F 2025

6.073 +6,0% ↑

## EBITDAaL

**2025**

**3.456** +4,4% ↑

4F 2025

1.339 +32,0% ↑

## Fjárfestingar

**2025**

**3.150** -20,0% ↓

4F 2025

1.048 +28,0% ↑

## EBITDAaL-Fjárf.

**2025**

**306** +934 ↑

4F 2025

291 +48,9% ↑

## Afkoma

**2025***

**-634** -277 ↓

4F 2025

122 +154 ↑

# Efnahagur og sjóðstreymi

Fastafjármunir lækka um 1.094 m.kr. á milli ára. Leigueignir hækka um 146 m.kr. Veltufjármunir hækka um 906 m.kr. á milli ára sem skýrist að mestu af hækkun viðskiptakrafna um 1.022 m.kr. en þar inni var krafa á Sendafélagið vegna kaupa þess á eignum af félaginu. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 26,1% í árslok samanborið við 27,9% árið áður. Langtímaskuldir lækka um 126 m.kr. á milli ára. Leiguskuldbindingar í heild hækka um 151 m.kr. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka um 335 m.kr. á milli ára og skammtímaskuldir lækka um 1.412 m.kr.



# *Heildareignir og veltufjárhlutfall*

Heildareignir samstæðunnar námu 31.050 m.kr. í árslok og lækkuðu um 0,6% á milli ára.



# *Eigið fé og eiginfjárhlutfall*

Í lok ársins 2025 var eigið fé 8.050 m.kr. og eiginfjárhlutfall 26,1%. Útistandandi hlutafé í lok tímabilsins nam 2.476 m.kr. samanborið við 2.476 m.kr. í árslok 2023.



# *Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*

Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 19.098 m.kr. í árslok 2025 og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði 4,06.



# Fjárfestingar

Rekstrarfjárfestingar námu 940 m.kr. á árinu 2025 og lækkuðu um 45,6% á árinu þar sem fjárfestingaþörf í fjarskiptainnviðum var minni á árinu, m.a vegna Sendafélagsins.



# *Frjálst fjárflæði*

Frjálst fjárflæði félagsins á árinu 2025 var 1.319 m.kr. samanborið við 1.584 m.kr. árið 2024.



// 03

# Árið 2025



SÝN

# Tímamótaár að baki

Árið 2025 markaði tímamót í starfsemi Sýnar. Félagið gekk í gegnum umfangsmikla endurmörkun, einfaldaði vöruframboðið og með skýrari heildarsýn var lagður grunnur að sterkari og samræmdari ásýnd félagsins. Endurkoma enska boltans, ásamt öflugri innlendri dagskrárgerð og sterkum fókus á íslenskt hágæða sjónvarpsefni, styrkti enn frekar stöðu Sýnar í hugum landsmanna.

Sýn gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og hefur frá upphafi lagt áherslu á virka þátttöku og samfélagslegt framlag. Viðskiptavinurinn er ávallt í forgrunni og endurspeglast það skýrt í verkefnum og forgangsröðum á árinu. Í eftirfarandi yfirferð er litið til helstu viðburða og árangurs ársins 2025.



## Endurmörkun Sýnar –
## Þín sýn er okkar Sýn

Á árinu 2025 tók Sýn stórt og metnaðarfullt skref í sameiningu miðla- og fjarskiptastarfssemi þegar vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+ og Stöð 2 Sport voru sameinuð undir merkjum Sýnar. Með þessum breytingum var unnið markvisst að því að einfalda ásýnd og vöruframboð félagsins, samræma þjónustu og bæta heildarupplifun viðskiptavina.

Endurmörkun Sýnar var formlega kynnt starfsfólki á starfsmannafundi í Egilshöll 11. júní 2025.




Undirbúningur fór fram í miklum trúnaði og var unnið af krafti dag og nótt síðustu dagana fyrir opinbera kynningu. Viðamikil vinna fór fram við að uppfæra merkingar og ásýnd félagsins um allt húsnæði og á helstu snertiflötum.

Þegar starfsfólk mætti til vinnu daginn eftir blasti nýtt útlit Sýnar við, þar sem fyrri merki höfðu vikið fyrir sameinuðu vörumerki. Endurmörkunin fékk víðtæka fjölmiðlaumfjöllun og vakti töluverða athygli á markaði.

## Herferð – Sögulegur samruni

Í kjölfar endurmörkunar Sýnar var sett af stað umfangsmikil kynningarherferð til að kynna Sýn sem sameinað vörumerki félagsins. Handrit auglýsingarinnar var unnið með auglýsingastofunni ENNEMM og í samstarfi við Auðunn Blöndal og Steinþór Hróar, og tóku um 40 starfsmenn Sýnar þátt í gerð hennar. Þar var lögð áhersla á að sýna samheldni og sameiningu starfseminnar undir merkjum Sýnar.

Herferðin fékk afar jákvæð viðbrögð og vakti mikla athygli. Auglýsingaeftirtekt mældist hæst 48%, sem er sögulega hátt hlutfall hjá félaginu og sérstaklega sterkur árangur fyrir nýtt vörumerki. Niðurstöðurnar staðfesta að auglýsingaherferðin skilaði markmiðum sínum og styrkti stöðu Sýnar á markaði.

## Ný rödd Sýnar

Í kjölfar sameiningar Vodafone og Stöðvar 2 var ákveðið að velja nýja rödd Sýnar til að endurspegla sameinað félag og nýja stefnu.

Björgvin Halldórsson hafði verið rödd Stöðvar 2 frá stofnun þess árið 1986 og því skipað veigamikinn sess í vitund landsmanna. Aldís Amah hafði jafnframt verið rödd Vodafone síðustu tvö ár. Að prufum loknum var Björn Stefánsson fenginn til að taka við keflinu sem rödd Sýnar.



Með því tekur Björn við hlutverki sem felur í sér að feta í stór fótspor. Hann talar nú fyrir vörumerkið í auglýsingum, dagskrártilkynningum og símsvörun félagsins og gegnir þar lykilhlutverki í áframhaldandi þróun og samræmingu í miðlun og ásýnd Sýnar.

## Góður - Betri - Bestur

Einfaldara og skýrara vöruframboð var eitt af lykilmarkmiðum ársins og tók Sýn stórt skref í þeirri vegferð þegar nýtt pakkaframboð var kynnt þar sem pökkum var fækkað úr rúmlega 100 niður í 9 vel skilgreinda pakka. Með breytingunni verður valið auðveldara fyrir viðskiptavini og samskipti því markvissari, samhliða því sem flækjustig í rekstri minnkar verulega. Nýju pakkarnir styðja við þá stefnu Sýnar að bjóða upp á einfaldari og skilvirkari lausnir.



## Enski snýr aftur

Heimkoma enska boltans vakti mikla eftirvæntingu og var farið af stað af krafti undir yfirskriftinni „***Enski boltinn hefur aldrei verið stærri***“, sem endurspeglar metnaðarfulla umgjörð og aukna áherslu á vandaða dagskrárgerð.

Fyrsti leikurinn var sýndur 15. ágúst og var upphafinu fagnað innan félagsins með sérstökum viðburði. Mikill metnaður hefur verið lagður í alla umfjöllun um deildina og eru allir leikir sýndir í beinni útsendingu. Valdir stórleikir njóta veglegrar upphitunar og uppgjörs úr sjónvarpssal og sérstakir þættir á borð við DocZone, Varsjána, Big Ben og Messuna, auk umfjöllunar með Kristjönu Arnars, styrkja heildarumgjörðina enn frekar.

Umgjörð og framsetning enska boltans hefur aldrei verið öflugri hjá félaginu og viðtökur áhorfenda staðfesta að enska úrvalsdeildin skipar stóran sess í íþróttalífi landsmanna.

## SÝN fyrir alla

Nýr kafli hófst í íslenskri sjónvarpssögu þann 1. ágúst þegar SÝN línulega sjónvarpsstöðin, áður Stöð 2, var gerð aðgengileg öllum landsmönnum án endurgjalds. Með þessari breytingu tók Sýn næsta skref í vegferðinni sem hófst með samruna Vodafone og Stöðvar 2 undir merkjum Sýnar og mætir breyttum áhorfsvenjum. Samhliða var lögð áhersla á að styrkja streymisveituna SÝN+ þar sem áskrifendur fá sveigjanlegt aðgengi, forskot á sæluna þegar kemur að nýrra efni og aðgang að efni sem ekki er sýnt á hefðbundinni dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar, heldur er eingöngu aðgengilegt í streymisveitunni.

## Hlustendaverðlaunin

Hlustendaverðlaun 2025 fóru fram með pompi og prakt á Nasa við Austurvöll, í tólfta sinn frá upphafi. Verðlaunin eru sameiginlegt verkefni útvarpsstöðva Sýnar, Bylgjunnar, FM957 og X977 og hafa fest sig í sessi sem mikilvæg uppskeruhátíð íslenskrar tónlistar.



Hlustendaverðlaunin endurspegla vel það hlutverk sem útvarpsmiðlar Sýnar gegna í íslensku menningarlífi, bæði með því að styðja við innlenda tónlistarsköpun og með því að skapa vettvang þar sem rödd hlustenda ræður úrslitum.

## Nýr kafli í farsímadreifikerfum

Á árinu 2025 seldi Sýn 4G og 5G farsímadreifikerfi sín til Sendafélagsins, sem er í eigu Sýnar og Nova. Með sölunni færðist rekstur og uppbygging farsímainnviða yfir til Sendafélagsins, sem mun annast dreifingu farsímaþjónustu fyrir félögin. Með þessari breytingu var stigið mikilvægt skref í átt að einfaldari rekstri og aukinni hagkvæmni, samhliða því að tryggja áframhaldandi öfluga farsímaþjónustu fyrir viðskiptavini.

## 360 myndataka Já

Á árinu fór 360° myndabíll Já um landið og safnaði myndum af helstu stöðum, með sérstaka áherslu á hverfi og svæði þar sem uppbygging er mikil. Þetta var sjöunda sumarið sem Já stendur fyrir slíkri myndatöku, en fyrsta ferðin var farin sumarið 2013.

Við verkefnið er notaður sérhæfður hugbúnaður og bíllinn búinn fastri 360° myndavél. Öll myndagögn eru skráð með GPS-hnitum og tengd kortavef Já.is. Nýju myndirnar voru birtar á kortavefnum yfir vetrarmánuðina og fengu 137.326 skráningar og 56.143 heimilisföng nýjar forskoðunarmyndir á skráningum sínum.

360° myndir Já hafa með tímanum orðið mikilvægur hluti af stafrænum innviðum félagsins og gegna sífellt stærra hlutverki í leit og upplýsingaleit notenda um allt land.




## Menningarnæturtónleikar Bylgjunnar

Menningarnæturtónleikar Bylgjunnar í Hljómskálagarði voru einn stærsti og mest sótti viðburður ársins hjá stöðinni. Hljómskálagarðurinn fylltist af tónlist og gleði þegar fram komu Herra Hnetusmjör, Klara Einars, Skítamórall, GDRN, Júlí & Dísa, Vibe og Nýdönsk.

Tónleikarnir hafa fest sig í sessi sem hápunktur Menningarnætur og sýna kraft Bylgjunnar sem öflugs vettvangs íslenskrar tónlistar.



## Besta íslenska vörumerkið

Á árinu 2025 hlaut Sýn tilnefningu sem ***Besta íslenska vörumerkið*** samkvæmt úttekt Brandr.

Tilnefningin staðfestir sterka stöðu vörumerkisins og þann árangur sem náðst hefur í markvissu markaðs- og vörumerkjastarfi á árinu. Hún fellur vel að öðrum viðurkenningum og góðum árangri samstæðunnar og endurspeglar samstillt átak starfsfólks í að byggja upp skýra og sýnilega ímynd Sýnar.

## Sýn hlýtur viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar

Á árinu 2025 var Sýn á meðal þeirra fyrirtækja sem fengu viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA, sem miðar að auknu jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar. Þetta er þriðja árið í röð sem Sýn nær þessum árangri og endurspeglar hann markvissa vinnu við að byggja upp fjölbreyttan og jafnan mannauð. Áhersla á jafnrétti, virðingu og tækifæri fyrir alla er áfram leiðarljós í mannauðsstefnu Sýnar.




## SÝNum stuðning

Í tilefni af Bleikum október stóð Sýn fyrir samfélagsverkefninu SÝNum stuðning. Markmið verkefnisins var að styðja við mikilvægt málefni í samfélaginu með sölu á sérhönnuðum brjóstabolum, þar sem allur ágóði sölunnar rann til Bleiku slaufunnar. Starfsfólk Sýnar tók virkan þátt í verkefninu sem naut góðrar þátttöku almennings. Verkefnið skapaði sýnilega samstöðu og endurspeglar áherslur Sýnar á samfélagslega ábyrgð, að láta gott af sér leiða og styðja við mikilvægt heilbrigðismál.

## Sterkt ár hjá Bylgjunni

Árið 2025 var mjög sterkt ár hjá Bylgjunni samkvæmt rafrænum ljósvakamælingum Gallup. Stöðin var með yfirburðastöðu hvað varðar hlustun og átti meirihluta mest hlustuðu klukkustunda ársins, bæði í aldurshópnum 12–80 ára og 18–49 ára. Í fyrstu mælingum ársins náðu Bylgjan, Gull Bylgjan og Létt Bylgjan samanlagt nær 50% hlutdeild í aldurshópnum 12–49 ára. Árangurinn undirstrikar sterka stöðu útvarpsstöðvanna innan samstæðu Sýnar, bæði hvað varðar vinsældir meðal hlustenda og sem öflugir auglýsingamiðlar.

## Fréttir í takt við breytta tíma

Undir lok árs 2025 voru gerðar breytingar á fréttaframboði Sýnar þegar ákveðið var að hætta útsendingu kvöldfrétta í sjónvarpi um helgar. Breytingin er liður í áframhaldandi þróun á frétta- og miðlastefnu félagsins, þar sem aukin áhersla er lögð á stafræna miðlun og sveigjanlegt aðgengi að efni.




Fréttastofa Sýnar heldur áfram að sinna öflugri fréttaþjónustu á virkum dögum og á stafrænum miðlum, þar sem neytendur sækja í auknum mæli efni sitt. Með breytingunni er markmiðið að nýta krafta og fjármagn á skilvirkari hátt og mæta breyttum neysluvenjum áhorfenda.




## Bylgjulestin á ferð um landið

Bylgjulestin hélt áfram ferð sinni um landið og heimsótti fjölmarga staði sem og viðburði þar sem hlustendur komu saman. Fyrsta stopp var í Hveragerði á Hengli Ultra, þaðan lá leiðin til Akureyrar á Bíladaga, Hallormstaðarskóg, Írska daga á Akranesi, Kótelettuna á Selfossi, Götubitahátíðinni í Hljómskólagarðinum, Hjarta Hafnarfjarðar og lokaði svo sumrinu í Vaglaskógi á tónlistarhátíð Kaleo, Vor í Vaglaskógi. Bylgjulestin færði útvarpið nær fólki með beinum útsendingum og góðri stemningu víðs vegar um landið og er orðinn fastur og vinsæll hluti af sumrinu hjá Bylgjunni.

## Sýn á Mannauðsdeginum

Sýn tók þátt í Mannauðsdeginum í Hörpu árið 2025 þar sem félagið var með áberandi bás sem umbreytt var í huggulega „stofu“ skreytta með sjónvarpsefni Sýnar. Gestum ráðstefnunnar var boðið upp á popp, gos og fría prufuáskrift og fengu þannig að upplifa þjónustuna á lifandi og aðgengilegan hátt. Markmið þátttökunnar var að vekja athygli á þeim ávinningi sem felst í að bjóða starfsfólki afþreyingu í formi áskriftar að sjónvarpspökkum Sýnar sem hluta af fríðindum. Viðtökur voru góðar og skapaðist dýrmætt samtal um leiðir til að efla starfsánægju og vellíðan á vinnustöðum.

## Miðlar Sýnar aldrei vinsælli

Á árinu 2025 varð umtalsverð aukning í áhorfi á sjónvarpsstöðvar Sýnar. Gögn Gallup sýna að daglegt áhorf hefur aukist um 48% samanborið við sama tímabil á fyrra ári, eftir að enski boltinn var tekinn inn í dagskrána og línuleg dagskrá opnuð í ágúst. Þetta endurspeglar bæði vaxandi áhuga almennings á sjónvarpsefni félagsins og styrk í dagskrárvali sem nær til fjölbreyttra hópa landsmanna. Viðmiðunarupplýsingar benda til þess að 67 þúsund manns horfi daglega á sjónvarpsstöðvar Sýnar, auk þess sem auglýsingasala og vörumerkjavitund hefur fylgt þessari auknu neyslu.

Þessi árangur undirstrikar hvernig stefna Sýnar um að efla sjónvarpsútsendingar og nýta íþróttaviðburði sem þátt í dagskrárgerð hefur skilað sér í auknum sýnileika og virku áhorfi meðal borgara.

## Öflugri farsímainnviðir fyrir framtíðina

Á árinu 2025 var unnið að umfangsmikilli uppbyggingu og styrkingu farsímakerfa. Byggðir voru upp yfir þrjátíu nýir sendar og afkastageta fjölda senda aukin til að mæta vaxandi gagnanotkun. Eitt stærsta verkefni ársins var uppsetning á gríðarlega öflugu 5G kerfi í Leifsstöð. Einnig var mikil áhersla lögð á útfösun 3G-tækninnar

og er þeirri vinnu nær lokið, auk þess sem útfösun 2G lauk sumarið 2025.

## Öflug innlend dagskrárgerð

Á árinu 2025 stóð Sýn að fjölbreyttri og metnaðarfullri innlendri dagskrárgerð sem hlaut afar góðar viðtökur meðal áhorfenda. Á meðal verkefna ársins voru nýjar seríur af vinsælum þáttaröðum eins og Alheimsdraumurinn, Ísskápastríð, Kviss, Heimsókn, Gulli byggir, Halló heimur og Flugþjóðin en þessir þættir njóta mikilla vinsælda á meðal áskrifenda.




Nýjar þáttaseríur litu líka dagsins ljós og þar má meðal annars nefna Spurningasprett, A&B - þættir sem fjölluðu um tvíburabræðurna Arnar og Bjarka, Hristur en ekki hrærður, Séð & heyrt, Blóðbönd, Gott kvöld, Tilbrigði um fegurð, Stóra stundin og Brjánn. Heimildamyndin Fjallið það öskrar var frumsýnd á árinu sem enginn má láta fram hjá sér fara.

Dagskráin endurspeglar skýra stefnu Sýnar um að tryggja áhorfendum aðgang að vönduðu og fjölbreyttu íslensku efni og styrkja stöðu félagsins sem leiðandi afl í innlendri afþreyingu.

## Fréttastofa hlýtur Blaðamannaverðlaun

Fréttastofa Sýnar hlaut ein verðlaun á Blaðamannaverðlaununum sem fram fóru í mars 2025. Berghildur Erla Bernharðsdóttir var tilnefnd í flokki Umfjöllunar ársins fyrir sjónvarpsþáttaröðina Vistheimilin og hlaut verðlaunin fyrir verkið. Í rökstuðningi dómnefndar var sérstaklega vísað til vandaðrar rannsóknarvinnu og áhrifamikillar framsetningar á þungu og viðkvæmu málefni.

Kolbeinn Tumi Daðason hlaut einnig tilnefningu fyrir viðtal sitt við hin upprunalega Davíð Viðarsson í samskiptum við Quang Le, sem þótti eftirminnilegt fyrir skýra og hnitmiðaða framsetningu á flóknu og harmrænu máli."

## Metáhorf á Bakgarðshlaupið

Vísir sýndi Bakgarðshlaupið í Öskjuhlíð í beinu streymi 10. maí 2025, samhliða beinni textalýsingu. Alls hófu 203 keppendur keppni og stóð útsendingin fram á nótt. Kristinn Gunnar Kristinsson sigraði eftir 43 hringi og lauk keppni kl. 03:45 aðfaranótt 12. maí.

Yfir 70 þúsund manns fylgdust með Bakgarðshlaupinu í september í beinu streymi en útsendingin stóð samfellt frá laugardagsmorgni til mánudagsmorguns.

Að baki útsendingunni stóð reynslumikið teymi ásamt fréttastofu Vísis sem sinnti ítarlegri umfjöllun á meðan á keppni stóð, bæði á Vísi, Bylgjunni og í kvöldfréttum.

// 04

# Okkar sýn



# Okkar Sýn

## *Sögulegur samruni*

Umfangsmesta verkefni ársins 2025 var endurmörkun Sýnar. Vegferðin hófst á vormánuðum árið 2024 þegar vinnan við stefnumótun Sýnar hófst. Frá upphafi var lögð áhersla á að vinna stefnu félagsins í þéttri samvinnu við starfsfólk með viðskiptavininn í hjarta hverrar ákvörðunar. Öllu starfsfólki gafst færi á þátttöku í stefnumótunarvinnunni og í gegnum allt ferlið unnu um sjötíu manns af fullum þunga að mótun nýrrar stefnu félagsins. Þessi vinna leiddi í ljós sterkan samhljóm á meðal starfsfólks, bæði hvað varðar framtíðarsýn en einnig varðandi skilgreiningu á skýrri stefnu félagsins til næstu ára. Stefna félagsins sprettur þannig upp úr grasrótinni og endurspeglar sýn starfsfólks um hvernig gera megi gott fyrirtæki enn betra. Út frá vinnunni varð til ný framtíðarsýn félagsins sem við teljum skapa spennandi grundvöll að nýrri sýn sem samþætt fjölmiðla- og tæknifélag. Félag sem starfar undir samræmdri vörumerkjastefnu með þarfir og væntingar viðskiptavina að leiðarljósi. Framtíðarsýn félagsins verður þannig, Þín sýn er okkar sýn.

### Ný samræmd vörumerkjastefna

Saga Sýnar byggir á sögu frumkvöðla sem risu upp gegn einokun, buðu nýjar lausnir og ferska nálgun í þjónustu við viðskiptavini bæði í fjarskiptum og í fjölmiðlun. Árið 1986 hófu Stöð 2 og Bylgjan göngu sína sem fyrstu einkareknu sjónvarps- og útvarpsstöðvar landsins og breyttu íslensku fjölmiðlaumhverfi til frambúðar. Það sama á við fjarskiptin. Þegar einkaaðilum var fyrst heimilt að reka fjarskiptakerfi á Íslandi árið 1996 spruttu fram ný fyrirtæki sem sköpuðu samkeppni. Nokkur þeirra sameinuðust síðar undir merkjum Vodafone.

Síðustu ár hafa verið ár breytinga og nýrra áherslna í rekstri félagsins. Lögð hefur verið áhersla á að samþætta starfsemina, auka samvinnu og einfalda til að auka skilvirkni í rekstri. Því var farið í að einfalda vörumerkjastefnu fyrirtækisins til að draga úr flækjustigi fyrir viðskiptavini, auka samheldni starfsfólks og ná meiri slagkrafti á markaði. Saga félagsins var höfð til hliðsjónar þegar ákvörðun var tekin um að sameina vörumerkin Stöð 2 og Vodafone undir merkjum Sýnar. Arfleifð fyrirtækjanna er einmitt að taka djarfar ákvarðanir og hafa hugrekkið til að taka skref fram á við.

Ráðist var í yfir 200 verkefni sem unnin voru í sex verkefnastraumum víðsvegar um fyrirtækið. Flestir þættir sem hafa áhrif á vörumerkjavirði voru snertir í þessari vinnu, eiginleikar vörumerkisins og markaðsráðarnir. Eitt þessar verkefna var að einfalda sjónvarpspakkaframboð fyrirtækisins en viðskiptavinir höfðu lengi kallað eftir einfaldara vöruframboði. Því var ráðist í að fækka sjónvarpspökkum úr rúmlega 100 á einstaklingsmarkaði í 9 sem varð til þess að öll samskipti við viðskiptavini urðu markvissari ásamt því að það dró verulega úr flækjustig í rekstri. Neytendavörumerkið Sýn var kynnt á markað 12. júní 2025 og vakti strax mikla athygli og í dag þekka yfir 92% landsmanna vörumerkið aðeins hálfu ári eftir endurmörkun.

// 05

# Sjálfbærni



SÝN

# Sjálfbærni

Sýn hf. leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti, umhverfis og félagsþætti í starfsemi sinni. Kjarninn í stefnu félagsins er ábyrgur rekstur og eru stjórnendur staðráðnir í að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemina og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni. Starfsmenn eru vakandi gagnvart nýrri tækni og nýjum lausnum til að auka sjálfbærni í starfseminni. Sýn fylgir eftir sjálfbærnistefnu og ber forstjóri og stjórnendur ábyrgð á innleiðingu hennar og að hún sé í samræmi við alþjóðamælikvarða á sviði sjálfbærniupplýsingagjafar og meginmarkmiða félagsins til framtíðar.

Stjórn og stjórnendur Sýnar eru meðvituð um að sjálfbærniþættir hafi áhrif á rekstur og virðiskeðju félagsins og hefur félagið sett sér markmið til að draga úr sjálfbærniáhættu sem tengist starfseminni, vörum og þjónustu.



# Sjálfbærnistefna Sýnar

## *Inngangur*

Sjálfbærnistefna Sýnar rammar inn helstu áherslur félagsins í sjálfbærni og er innleidd í alla starfsemina. Lögð er rík áhersla á ábyrgan rekstur, og að tekið sé mið af helstu umhverfis- og félagslegum þáttum auk stjórnarhátta (hér eftir nefnt UFS þættir), í starfsemi félagsins. Kjarninn í stefnunni felst í þeirri ábyrgð að reka fjarskipta og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi. Sýn hyggst takast á við helstu áhættur í umhverfinu, samfélaginu og virðiskeðju sinni með fyrirbyggjandi hætti þar sem horft er til þess að auka sjálfbærni, vernda orðspor, efla seiglu og verðmæti félagsins með hagsmuni haghafa Sýnar í öndvegi. Sjálfbærnistefnan byggir á tvöfaldri mikilvægisgreiningu þar sem lagt er mat á þau helstu umhverfis- og samfélagsáhrif (jákvæð og neikvæð) félagsins auk þeirra sjálfbærniáhætta og tækifæra sem geta haft áhrif á Sýn og virðiskeðju þess.

### Markmið

Markmiðið er að stefnan endurspegli lykil sjálfbærniáherslur Sýnar út frá veigamestu UFS áhrifum starfseminnar sem og utanaðkomandi UFS áhættum sem að félaginu steðja. Skal slíkt vera mælt í samræmi við gildandi lög og leiðbeinandi viðmið og innleitt í almennt áhættumat félagsins. Áhersla er lögð á að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemi, markmið og aðgerðir félagsins og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni ásamt því að greina skilmerkilega frá slíku í upplýsingagjöf félagsins.

### Ábyrgðaraðilar

Stjórn ber ábyrgð á að samþykkja stefnuna og uppfærslur á henni. Forstjóri ber ábyrgð á að tryggja að viðeigandi endurskoðun á stefnunni eigi sér stað.

Forstjóri og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á innleiðingu á sjálfbærnistefnu innan félagsins og framkvæmdastjórar gæta þess að viðeigandi reglur og verklag innan starfssviðs þeirra séu í samræmi við stefnuna og að starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að aðrar stefnur, reglur og vinnuleiðbeiningar sem samþykktar eru séu í samræmi við sjálfbærnistefnu þessa.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á því að skipa í sjálfbærnistýrihóp ár hvert og ber mannauðsstjóri ábyrgð á vinnu hópsins. Hlutverk hópsins er að hafa umsjón með framkvæmd sjálfbærnistefnu, framkvæmd sjálfbærni áhættumats með tilliti til UFS rekstraráhættu, skrifa árlega sjálfbærniskýrslu félagsins, þróa sjálfbærnimarkmið, verkefnastýra aðgerðum og fylgjast með framvindu þeirra.

### Upplýsingagjöf

Sýn birtir upplýsingar árlega um ófjárhagsleg atriði tengd starfsemi félagsins í samræmi við lög um ársreikninga en þar er kveðið á um að félagið skuli láta fylgja með skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði 66. gr. d í lögum um ársreikninga 3/2006. Til viðbótar, þá birtir Sýn árs- og sjálfbærniskýrslu sem byggir á valkvæðum upplýsingastaðli (e. Voluntary Reporitng Standard for SMEs, VSME) sem Evrópusambandið hefur sett fram.

# *Lykilþættir í sjálfbærnistefnu*

Haustið 2025 fór Sýn í uppfærslu á tvöfaldri mikilvægisgreiningu með aðstoð ráðgjafa með það að markmiði að skerpa á áherslum og mikilvægisþáttum m.t.t. kjarnastarfsemi félagsins og virðiskeðju þess. Sjálfbærnistýrihópur Sýnar lagði mat á 14 sjálfbærniviðfangsefni úr ESRS sjálfbærnistaðlinum út frá áhrifum, áhættu og tækifærum sem tengjast félaginu. Mikilvægustu þættir Sýnar voru metnir út frá fimm flokkum og 7 undirflokkum líkt og sjá á myndinni hér fyrir neðan. Sýn hefur sett sér langtímamarkmið út frá þessum flokkum sem koma fram í stefnu þessari og á hverju ári er unnið að aðgerðum og mælanlegum markmiðum tengdum þeim sem birt er í árlegri sjálfbærniskýrslu félagsins.




## Umhverfisþættir

Umhverfisstefna Sýnar er að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Sýn vinnur þannig markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að sjálfbærri nýtingu orku og auðlinda. Félagið leggur áherslu á að framkvæmdir og rekstur hugi að náttúru, samfélagi og að loftslags- og hringrásarhugsun sé samþætt allri starfsemi. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun og uppbyggingu, ábyrgri neyslu og framleiðslu og aðgerðum í loftslagsmálum.

## Félagslegir þættir

Sýn er umhugað um andlega og félagslega vellíðan starfsfólks og leggur áherslu á að byggja upp heilbrigt vinnuumhverfi þar sem hlúið er að vellíðan starfsfólks, mannréttindum, fjölbreytileika og inngildingu. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 5 sem snýr að jafnrétti kynjanna og númer 8, góð atvinna og hagvöxtur sem styður við sjálfbæran hagvöxt og arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla.

## Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur vinna samkvæmt siðareglum félagsins og bera ábyrgð á áhættu sem tengist stjórnarháttum, siðferði, spillingu og hlítni við lög og reglur. Sýn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar og auka gagnsæi.

# Helstu markmið

## Umhverfisþættir

Sýn mun á árinu 2026:

- Framkvæma fyrsta áhættumat félagsins vegna áhrifa loftslagsbreytinga á lykilinnviði félagsins
- Skilgreina forgangsverkefni til að draga úr veðurtengdum áhættum.
- Samþætta við almennt áhættumat fyrirtækisins.
- Uppfæra losunarmælingar í umfangi 3 til að ná utan um stærri hluta virðiskeðjunnar (t.d. í flokki 1 um kaup á vörum og þjónustu) og birta niðurstöður opinberlega.
- Framkvæma könnun á samgöngum starfsfólks til að reikna kolefnisspor og hvetja til notkunar á samgöngustyrk.
- Framkvæma ítarlegt mat á orkunýtni á helstu tækni- og gagnainnviðum til að skilgreina tækifæri til frekari sparnaðar og skilvirkni.
- Flokkunarhlutfall úrgangs verði 75%.
- Orkunotkun í skrifstofu félagsins verður lækkuð um a.m.k. 1% miðað við árið 2024 með innleiðingu orkunýtins búnaðar og ferla.
- Hlutfall rafbíla og tengitvinnbíla í bílaflota félagsins verður aukið úr 49% í a.m.k. 65%
- Magn tækja og búnaðar sem endurnýttur eða endurunninn er í samstarfi við Foxway og aðra samstarfsaðila verður aukið um 10% miðað við 2024.
- Grunnárið 2023 er fyrir umfang 1, 2 og 3. Samdráttarmarkmið gagnvart helstu þáttum í umfangi 3 er 5%.
- Velja hágæða kolefniseiningar til þess að jafna beina og óbeina losun umfangs 1 og 2 árlega.

## Félagsþættir

Sýn mun á árinu 2026:

- Safna, greina og birta samræmd gögn um tíðni vinnuslysa og fjarvista tengdra atvika til að koma á grunnviðmiði fyrir framtíðarmarkmið.
- Framkvæma áhættumat á vinnustöðum þar sem aukin hætta er til staðar, s.s. á tökustöðum, og tryggja að viðeigandi öryggisráðstafanir séu innleiddar
- Endurskoða og uppfæra ritstjórnarstefnu fréttastofu félagsins eftir þörfum með það að markmiði að viðhalda fagmennsku, hlutleysi og gagnsæi í allri miðlun efnis.
- Framkvæma heildstæða úttekt á persónuverndar-ferlum og gagnaöryggi í net- og farsímaþjónustu og skilgreina umbótaverkefni til að tryggja áframhaldandi samræmi við lög og reglur.
- Halda innri fræðslu fyrir starfsfólk um siðareglur í miðlun upplýsinga og vernd persónuupplýsinga viðskiptavina.
- Árleg rýni á siðareglum starfsfólks með það fyrir augum að tryggja að ferlar félagsins séu uppfærðir til samræmis við viðeigandi kröfur hverju sinni.
- Árlega farið yfir launagreiningar til að tryggja langtímamarkmiðið.
- Árleg starfsmannakönnun framkvæmd til að spyrja út í upplifun og upplýsingagjöf til starfsfólks gagnvart þessum málaflokki.

## Stjórnarhættir

Sýn mun á árinu 2026:

- Framkvæma uppfærða þarfagreiningu á vinnuumhverfi og húsnæði félagsins með það að markmiði að efla vellíðan, samvinnu og sveigjanleika í starfi.
- Endurskoða siðareglur og kynna þær markvisst fyrir öllu starfsfólki og verktökum með formlegri fræðslu um siðferðisleg viðmið og viðbrögðsferla.
- Framkvæma árlega starfsmannakönnun sem mælir starfsánægju og birta niðurstöður í sjálfbærniskýrslu félagsins.
- Endurskoða verklag sitt gegn spillingu og mútum og tryggja að allir stjórnendur hafi lokið viðeigandi fræðslu um ábyrga stjórnarhætti og siðferðisleg vinnubrögð.
- Endurskoða birgjamatsferlið sitt til að tryggja að það taki mið af breyttum kröfum um UFS viðmiðum, gagnsæi og áhættustjórnun í aðfangakeðju.
- Meta alla lykilbirgja félagsins út frá áhættu og mikilvægismati.
- Tryggja að allir birgjasamningar innihaldi skýrar kröfur um siðferðilega viðskiptahætti og upplýsingaöryggi í samræmi við stefnu félagsins og ISO 27000-kröfur.
- Framkvæma greiningu á áhættu tengdum birgjum í lykilflokkum aðfangakeðjunnar til að meta viðnámsþol og draga úr áhættu tengdri afhendingaröryggi og þjónustustöðugleika.

# Heimsmarkmið




## Jafnrétti kynjanna

Jafnlaunavottun, jafnréttisáætlun Sýnar og jafnlaunastaðallinn ÍST 85:2012 styðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 5.

## Góð atvinna og hagvöxtur

Tryggja góða stjórnahætti þar sem tekið er tillit til UFS leiðbeininganna Nasdaq. Upplýsingaöryggisstaðallinn ISO 27001, siðareglur, stefnu um mútur og peningaþvætti, öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisstefna, birgja- og innkaupastefna. Ásamt samstarfi með Almannavörnum og Neyðaröryggisfjarskiptum vegna ófyrirséðar náttúruvár styðla að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 8.

## Nýsköpun og uppbygging

Áhersla á stuðning við nýsköpun, framþróun og sjálfbærni á sviði stafrænnar uppbyggingar tengt fjarskiptum og fjölmiðlum, fjárfesting í tækninýjungum, rannsóknum og þróun er varðar örugga, trygga og sjálfbærari uppbyggingu fjarskiptainnviða ásamt netvöktun og fræðslu í samstarfi við Cert-IS netöryggissveit Íslands og Fjarskiptastofnunar styðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 9.

## Ábyrg neysla og framleiðsla

Upplýsingaöryggisstaðalinn ISO 27001, gæðastefna, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærnistaðlinum VSME, árleg sjálbærniskýrsla byggt á viðmiðum VSME og birgja- og innkaupastefna Sýnar styðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 12.

## Aðgerðir í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærnistaðlinum VSME. Loftslagssamningur Festu og Reykjavíkurborgar, umhverfis- og sjálbærnifræðsla til starfsfólks og birgja- og innkaupastefna Sýnar styðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 13.

# Samfélag

## *Sýn okkar allra*

Sýn gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi sem fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki. Þjónusta félagsins gegnir lykilhlutverki í grunninnviðum samfélagsins og tryggir öflug samskipti einstaklinga, atvinnulífs og opinberra aðila um land allt. Félagið starfar í samræmi við lög og reglur og leggur áherslu á ábyrga stjórnarhætti, gagnsæi og fagmennsku. Virðing og jafnræði eru grundvallargildi í öllum samskiptum félagsins við starfsfólk, viðskiptavini og birgja.

### SÝNum stuðning

Sýn leggur áherslu á virka og ábyrga þátttöku í samfélaginu og styður fjölbreytt verkefni á sviði íþrótta, menningar og góðgerðarmála. Stuðningurinn felst meðal annars í fjárframlögum, samstarfssamningum, þjónustuafsláttum og öðrum framlögum sem miða að því að skapa jákvæð samfélagsleg áhrif.

Við val á samstarfi og styrkjum er litið til þess að verkefnin samræmist stefnu félagsins um sjálfbærni og stuðli að jákvæðum og mælanlegum samfélagslegum áhrifum.

Á árinu 2025 hélt félagið áfram samstarfi við Landsbjörgu og setti jafnframt af stað verkefnið SÝNum stuðning, þar sem ágóði rann til Bleiku slaufunnar.

### Fréttir og dagskrá

Fréttastofa Sýnar miðlar daglega upplýsingum sem varða almenning og hafa samfélagslegt gildi, þar á meðal um öryggismál og málefni líðandi stundar. Félagið framleiðir jafnframt fjölbreytt dagskrár- og fréttaefni sem stuðlar að upplýstri umræðu og aukinni vitund um málefni sem skipta samfélagið máli.

Dagskrá Sýnar endurspeglar íslenskt samfélag í allri sinni fjölbreytni. Með vönduðu og fjölbreyttu efni er lögð áhersla á að miðla upplýsingum, segja sögur fólks og skapa vettvang fyrir umræðu. Á meðal verkefna ársins voru meðal annars:

- Blóðbönd, dramatísk þáttaröð um fjölskyldutengsl og leyndarmál.
- Flugþjóðin, heimildaþættir Íslendinga og flugið, bæði atvinnugreinina og áhrif hennar á samfélagið, ferðalög og daglegt líf.
- Hvar er best að búa, lífsstíls- og samfélagsþáttur þar sem mismunandi búsetukostir á Íslandi eru skoðaðir og bornir saman.
- Stóra stundin, viðtals- og mannlífsþáttur þar sem fólk segir frá stórum augnablikum í lífi sínu, sigrum, áskorunum og tímamótum.
- Tilbrigði um fegurð, heimilda- og umræðuþáttur sem fjallar um fegurð, líkamsímynd og samfélagsleg viðmið frá ólíkum sjónarhornum.
- Viltu finna milljón, afþreyingarþáttur sem sameinar skemmtun og þátttöku almennings. Þátturinn stuðlar að fjármálalæsi, hvatningu og virkni áhorfenda.
- Ísland í dag og Gott kvöld, daglegur frétta- og mannlífsþáttur sem styrkir lýðræðislega umræðu með því að fjalla um innlend málefni, mannlíf og samfélagslegar áskoranir.
- Okkar eigið Ísland, þar sem Garpur Elísabetarson ferðast vítt og breitt um Ísland með

góðu fólki og lendir í ýmsum ævintýrum. Útivist á áhugaverðum stöðum er hér í öndvegi og náttúra Íslands í allri sinni dýrð.

- Rax – Augnablik, sjónrænir og hugljúfir þættir byggðir á ljósmyndum RAX, þar sem íslensk náttúra og stemning fá að njóta sín.

- Kryddsíldin, sem hefur í yfir þrjá áratugi verið vettvangur stjórnmálaumræðu á gamlársdag.

- Halló heimur með Skoppu og Skrítlu, er barnaefni sem styður við þroska og gleði yngstu áhorfenda.

- Gott kvöld, kvöldþáttur með blöndu af viðtölum, menningu, tónlist og umræðu líðandi stundar.

Á árinu var jafnframt stigið stórt skref í að auka aðgengi að efni með opnun línulegrar rásar fyrir alla landsmenn.



# Mannauður og

Mannauðurinn er mikilvægur hlekkur í velgengni og vexti félagsins. Rík áhersla er lögð á að halda í og laða að framúrskarandi fólk sem stuðlar að hámarks árangri einstakra teyma og félagsins í heild. Það gerum við með því að búa því skemmtilegt, nútímalegt og heilbrigt vinnuumhverfi. Við leggjum áherslu á jákvæða menningu, öfluga liðsheild  og sýnum hvort öðru virðingu í hvívetna. Okkur er umhugað um að efla fólk í faglegum og persónulegum vexti og veita því tækifæri og traust til að takast á við spennandi verkefni þar sem styrkleikar þess fá sín notið. Því til stuðnings tóktu nokkrir starfsmenn við stjórnendahlutverki á árinu sem allir eiga það sameiginlegt að hafa starfað hjá félaginu um langt skeið og þekkja starfsemina því vel. Þessi framþróun endurspeglar bæði metnað einstaklinganna og skuldbindingu okkar við að skapa umhverfi þar sem hæfileikar fá að njóta sín.

Mannauðsstefnu Sýnar er ætlað að styðja við stefnu félagsins sem er ***samvinna, skilvirkni og vöxtur***.

## Þín sýn um frábæran vinnustað er okkar sýn

Hjá Sýn leggjum við áherslu á að starfsfólk upplifi vellíðan í vinnu. Það gerum við með því að búa starfsfólki framúrskarandi vinnuaðstöðu, huga að líkamlegri og andlegri heilsu þess og gefa því möguleika á sveigjanleika í vinnu. Við viljum að fólki líði vel í vinnunni, upplifi sig sem hluta af sterkri liðsheild, fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og tækifæri til að takast á við verkefni þar sem styrkleikar þeirra fá helst notið sín. Sýn vill þannig stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og góðu sjálfstrausti starfsfólks og að starfsfólk sýni frumkvæði í starfi. Við viljum að starfsfólk hlakki til að mæta til vinnu, upplifi sanngirni, gagnsæi og virðingu og sé stolt af því að vinna hjá Sýn. Markmið okkar er að mannauðsstjórnun í félaginu sé virðisaukandi og styðji við stefnu félagsins.



## Fólkið okkar

**406**
Fjöldi starfsfólks

**70,6%**
Karlar

**29,3%**
Konur

**0%**
Önnur kyn

### Stjórnendur

**69 %**
Karlar

**31%**
Konur

**0%**
Önnur kyn

**38 ár**
Meðal aldur

**7,8 ár**
Meðal starfsaldur




## Starfsánægja

Í byrjun árs var starfsánægjukönnun lögð fyrir allt starfsfólk Sýnar á vegum Gallup. Niðurstöður könnunarinnar gáfu dýrmæta innsýn í líðan starfsfólks sem unnið hefur verið með á árinu með það að markmiði að auka starfsánægju og helgun starfsfólks. Niðurstöður voru kynntar öllu starfsfólki og í kjölfarið voru gerð aðgerðaplön innan hverrar einingar. Könnunin er framkvæmd árlega og verður næsta könnun gerð á fyrsta ársfjórðungi 2026.

## Frammistöðumat og markmiðasetning

Á árinu var áhersla lögð á virka frammistöðustjórnun og stjórnendur hvattir til að eiga frammistöðusamtöl við starfsfólk og styðja það til árangurs með öflugri markmiðasetningu fyrir árið. Þá var einnig haldið áfram með uppfærslu starfslýsinga fyrir allt starfsfólk samhliða breytingum á skipuriti félagsins.

Innleiðing bættra vinnubragða í mannauðsmálum skilaði sér í jákvæðum niðurstöðum í árlegri könnun meðal starfsfólks. Fleiri starfsmenn en áður telja starfslýsingar lýsandi fyrir störf sín, auk þess sem hlutfall þeirra sem hafa farið í frammistöðusamtal og fengið kynningu á starfsánægjukönnun hækkaði á milli ára.

## Jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileiki

Jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileiki eru okkur hugleikin og áhersla lögð á að starfsfólk sé metið að verðleikum, njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum auk þess sem hugað er að inngildingu. Sýn hefur statt og stöðugt unnið að því að skapa vinnuumhverfi sem hvetur til fjölbreytni og jafnréttis. Við vitum að árangur í jafnréttismálum er ekki eitthvað sem gerist af sjálfu sér heldur er það ákvörðun sem við erum stolt af að hafa tekið. Við munum halda áfram að leita leiða til að tryggja fjölbreytileika og inngildingu bæði í hópi stjórnenda og starfsfólks.

Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana eða annarra þátta skv. ákvæði laga nr. 86/2018. Hegðun á borð við kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni eða

önnur óviðeigandi samskipti eða hegðun er ekki liðin. Starfsfólki af öllum kynjum er gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Sýn hefur markað sér jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Áætlunin á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af öllum kynjum og að allir fái notið sín. Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis eða annarra þátta er í andstöðu við jafnréttisáætlun og jafnréttislög og er óheimil. Framkvæmdastjórn samþykkti uppfærða aðgerðaráætlun sem er hluti af jafnréttisáætlun í lok árs til þriggja ára. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd hennar.

## Jafnlaunavottun

Sýn fór í gegnum viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi félagsins síðastliðið vor. BSI á Íslandi tók kerfið út og gáfu út viðhaldsvottun í kjölfarið. Niðurstaða úttektarinnar var að óútskýrður launamunur á heildarlaunum innan félagsins reyndist aðeins 0,5% körlum í vil. Samkvæmt jafnréttisáætlun Sýnar er markmið félagsins að vera undir 2% í óútskýrðum launamun og því virkilega ánægjulegar niðurstöður.

Jafnlaunastefna Sýnar 2025-2027




## Fræðsla og starfsþróun – UNI

UNI er regnhlífarhugtak sem nær yfir alla fræðslu sem starfrækt er innan Sýnar. Markmið UNI er að tryggja samræmda grunnþjálfun ásamt því að bjóða upp á sérhæfða fræðslu sem mætir þörfum hvers starfsmanns.

Á árinu var kynnt ný fræðsluáætlun þar sem áhersla var lögð á stjórnendaþjálfun og nýliðaþjálfun í bland við að efla móttöku nýliða. Fræðslan var að stærstum hluta rafræn, en einnig var boðið upp á staðbundin námskeið og fræðslu í BESTA Bistro, samkomusal félagsins.

Auk starfstengdrar þjálfunar var boðið upp á námskeið og fyrirlestra sem stuðla að persónulegum vexti og vellíðan.

Sýn vill vera í fararbroddi þegar kemur að fræðslumálum og leitar allra leiða til að ná að efla og fræða starfsfólk okkur til að vera alltaf með bestu kunnáttu hverju sinni. Starfsfólk er hvatt til að halda persónulegri símenntun sem mun styrkja starfsfólk í sinni grein og með því efla það til að halda starfsþróun innan félagsins áfram.

Reglulegir starfsmannafundir eru mikilvægur vettvangur fyrir opna upplýsingagjöf og samtal innan félagsins. Fundirnir eru aðgengilegir öllu

starfsfólki og nýttir til að miðla fræðslu og upplýsa um helstu verkefni og málefni líðandi stundar.

## Vinnuvernd

Hjá Sýn er lögð áhersla á að tryggja öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi fyrir allt starfsfólk. Starfsfólki býðst árlegur heilsustyrkur, inflúensubólusetningar auk þess sem félagið á í samstarfi við ytri fagaðila sem þjónusta starfsfólk í átt að bættri heilsu.

Innan Sýnar starfar virkur vinnuverndarhópur. Hlutverk hans er að taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum.

Gagnkvæm virðing er lykilorð í öllum samskiptum hjá Sýn. Við leggjum áherslu á að 14 gr. laga nr. 150/2020 um kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðislega áreitni, sé fylgt, en skv. henni er kynbundin og kynferðisleg áreitni, einelti eða önnur samskipti, sem eru til þess fallin að valda vanlíðan hjá öðrum ekki liðin.



### EKKO

Sýn er með samkomulag við Vinnuvernd um að taka að sér EKKO vöktun fyrir félagið. EKKO er skammstöfun fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Markmiðið er að styrkja enn frekar aðgerðir Sýnar gegn ósæmilegri hegðun á vinnustað og styðja náið við starfsfólk sem telur sig verða fyrir slíkri hegðun. Sálfræðiteymi Vinnuverndar vaktar tilkynningar sem berast í gegnum tilkynningarsíðuna um mögulegt einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Sálfræðiteymið sem hefur þannig hlutverk í viðbragðsteymi félagsins er hlutlaus og óháður aðili og aðstoðar starfsfólk. EKKO ráðgjafi útskýrir skilgreiningar á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og fer yfir ýmsa þætti verklagsins til að aðstoða starfsfólk til að taka upplýsta ákvörðun um til hvaða aðgerða það vill grípa til.

## Félagslífið

Mikið er lagt upp úr góðum anda á vinnustaðnum, jákvæðum samskiptum og því að hafa gaman í vinnunni. Vinnustaðamenningin einkennist af drifkrafti, samvinnu og frumkvæði. Boðleiðir eru stuttar og starfsfólk hjálpast að við að ná settum markmiðum.

Innan fyrirtækisins starfar starfsmannafélagið Stýna, sem stendur reglulega fyrir viðburðum fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra en auk þess eru fjölmargir klúbbar starfræktir á meðal starfsfólks til dæmis hjólahópur, hlaupahópur og píluklúbbur svo fátt eitt sé nefnt.

# Umhverfi

## Virðing fyrir náttúrunni og lágmörkun umhverfisáhrifa er meginstef í sjálfbærnistefnu Sýnar. Umhverfisvernd og ábyrg auðlindanýting er leiðarljós í allri starfseminni. Félagið fylgir eftir skýrum ferlum er varðar umsýslu og rekstur fjarskiptainnviða og er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski.

Félagið hefur frá árinu 2015 mælt umhverfisáhrifin frá starfseminni og unnið er markvisst að því að draga úr þeim sem felst meðal annars með ábyrgri nýtingu auðlinda, innleiðingu á orkusparandi aðgerðum, minnkun úrgangs og stuðningi við hringrásarkerfi í starfseminni. Markmiðið er að auka notkun á vistvænni orku og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun og uppbyggingu, ábyrgri neyslu og framleiðslu og aðgerðum í loftslagsmálum.

Stjórn og stjórnendur eru meðvituð um að sjálfbærniáhættur hafi áhrif á starfsemi og virðiskeðju félagsins. Byggt á tvöfaldri mikilvægisgreiningu og áhættustýringu fjarskiptainnviða eru megin umhverfisáhættur Sýnar mögulegur raforkuskortur, náttúruvá og aukin losun gróðurhúsalofttegunda. Áhættustýringin felst í því að vakta og lágmarka þá áhættu í starfseminni. Nýsköpun gegnir mikilvægu hlutverki í framþróun í átt að vistvænni fjarskiptatækni. Leitast er við að einfalda ferla sem felst meðal annars í því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og innleiða nýja tækni. Þá á sér stað samstarf með viðskiptavinum, birgjum og verktökum við að þróa vörur og þjónustu til að lágmarka áhrifin sem félagið hefur á umhverfið.

Félagið nýtir hugbúnað frá Klöppum hf. til að taka saman árlegt umhverfisuppgjör.

Frá árinu 2015 hefur félagið kolefnisjafnað starfsemina með trjárækt í samstarfi við Kolvið. Tekin var ákvörðun árið 2024 og nú aftur fyrir 2025 að kaupa 200 staðfestar kolefniseiningar í gegnum ICR til að jafna kolefnislosun Sýnar. Heildarlosun 2025 fyrir umfang 1 og 2, er 157,2 tonn $CO2$ sem er lækkun um 8,34% eða 14,3 tonn frá árinu áður. Þessi nálgun að fjárfesta í blönduðum kolefnisjöfnunareiningum tryggir sveigjanleika, dregur úr áhættu og hámarkar jákvæð umhverfisleg og samfélagsleg áhrif.

Hluti af hringrásarkerfi félagsins er skapa vettvang fyrir viðskiptavini til að draga úr vistspori tækja. Félagið býður viðskiptavinum að koma með eldri snjalltæki með þjónustunni „Notað upp í nýtt" hjá Sýn. Ef tæki reynist verðlaust þá er því fargað á ábyrgan hátt í samstarfi við fyrirtækið Foxway. Samkvæmt úttekt Foxway þá kom hringrásarkerfið í veg fyrir losun á rúmlega 10.488 kg koltvísýringsígilda á síðastliðnu ári. Mikill meirihluti þeirra tækja sem var skilað inn í hringrásarverkefnið öðluðust nýtt líf, eða um það bil 82,5% og hin voru nýtt í varahluti og góðmálmarnir og önnur hráefni sem í þeim var að finna voru endurnýtt.

Árið 2025 hélt Sýn sínu striki við að leggja sitt af mörkum í flokkun úrgangs sem kemur frá félaginu. Starfsfólk er að jafnaði hvatt til að flokka allt það sorp sem myndast í og við reksturinn. Flokkunartunnur eru staðsettar víðsvegar um fyrirtækið til að auðvelda flokkun.

Bílafloti Sýnar saman stóð af 33 bifreiðum í lok árs 2025. Skipting bílaflotans var eftirfarandi; raf- eða tengiltvinnbílar 16 stk., Hybrid bifreiðar 2 stk., breyttar jeppabifreiðar með dísel hreyfli 6 stk., sendibifreiðar og jepplingar með dísel hreyfli 7 stk. Sýn hvetur starfsfólk sitt til að notast við vistvænar samgöngur til og frá vinnu með tvennum hætti. Annars vegar með því að bjóða starfsfólki að gera samning um samgöngustyrk en með þeim samningi skuldbindur starfsfólk sig til að notast við vistvænar samgöngur í það minnsta þrisvar sinnum í viku. Árið 2025 nýttu að jafnaði 72 einstaklingar sér samgöngustyrk félagsins. Góð aðstaða er fyrir starfsfólk til að koma hjólandi eða gangandi til vinnu. Boðið er upp á upphitaða hjólageymslu með tengimöguleikum til að hlaða rafhjól og góða búningsaðstöðu með sturtu og þurrkskápum. Einnig býður félagið upp á rafhleðslu við höfuðstöðvarnar sem bæði starfsfólk og viðskiptavinir geta nýtt sér að kostnaðarlausu.

## Eldsneytisnotkun í kg.




## Rafmagnsnotkun í kWst



## Losun gróðurhúsalofttegunda í $tCO_2$í




## Flokkun úrgangs í kg.





Vatnsnotkun í m³
Heitt vatn
Kalt vatn
50,000
40,000
30,000
20,000
10,000
0
17.245,66
25.792
25.774,36
22.031,37
22.729,39
22.945,4
2025
2024
2023

# Tvöföld mikilvægisgreining

Tvöfalda mikilvægisgreining (e. Double Materiality) Sýnar var uppfærð á árinu með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa þar sem viðfangsefnin voru endurmetin og áherslum fækkað. Greiningin skiptist í umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) og nær til samtals 14 viðfangsefna. Af þeim voru átta metin sem hvað mikilvægust fyrir starfsemi félagsins með hliðsjón af áhættu, áhrifa og tækifæra tengdum sjálfbærni.

Aðlögun og mildun loftlagsbreytinga var sameinað í eitt viðfangsefni en auk þeirra fengu orka, hringrásarhagkerfi, heilsa og öryggi, áhrif upplýsinga á neytendur og endanotendur, fyrirtækjamenning og birgjatengsl viðfangsefnin mest vægi í tvöföldu mikilvægisgreiningunni.

Sjá má vægi þeirra á meðfylgjandi mynd.



# Flokkunarreglugerð

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.



Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við 18. gr. flokkunarreglugerðarinnar um lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Reglugerðin gerir kröfu um að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. 66. gr. d í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Sýn fellur því undir gildissvið reglugerðarinnar og hér á eftir fara nánari skýringar á því hvernig skilyrðin eru uppfyllt.

## Lágmarksverndarráðstafanir

Lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt 18. gr. fela meðal annars í sér kröfur um virðingu fyrir mannréttindum, aðgerðir gegn spillingu og mútum, fylgni við samkeppnislög og ábyrga skattframkvæmd. Stefna og verklag félagsins á þessum sviðum er lýst hér að neðan í köflum um mannréttindi, spillingu og mútur, samkeppnismál og skattamál.

### Mannréttindi

Félagið hefur sett sér jafnréttisáætlun og mannauðsstefnu sem taka mið af stjórnarskrárvörðum mannréttindum og gildandi lögum. Birgjastefna félagsins kveður á um að birgjar skuli virða grundvallarréttindi starfsfólks, þar

á meðal félagafrelsi, bann við nauðungarvinnu og barnavinnu, jafnræði og bann við mismunun. Gerðar eru sömu kröfur til birgja og til félagsins sjálfs.

### Spilling og mútuþægni

Félagið starfar samkvæmt skýrri stefnu gegn spillingu og mútum og er starfsfólki óheimilt að veita eða þiggja mútur, með beinum eða óbeinum hætti. Krafa er gerð um tilkynningu um mögulegt misferli og viðeigandi viðbrögð við frávikum.

### Samkeppnismál

Félagið leggur áherslu á að fylgja samkeppnislögum og stuðla að heilbrigðri samkeppni á markaði. Starfsfólk er upplýst um skyldur sínar og félagið leitast við að fyrirbyggja háttsemi sem gæti raskað samkeppni.

### Skattamál

Félagið starfar í samræmi við gildandi skattalög og leggur áherslu á gagnsæi og ábyrga skattframkvæmd. Félagið hefur sett sér formlega skattastefnu þar sem kveðið er á um ábyrgðarskiptingu, skilgreind eftirlitshlutverk og skýra skýrslugjöf. Skattamálum félagsins er þannig háttað í samræmi við lög, reglur og viðurkennd viðmið um ábyrga viðskiptahætti.

## Hæf starfsemi

Sýn hóf yfirferð á starfsemi sinni í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Við mat á starfseminni kom í ljós að flokkur 6.5: flutningar með mótorhjólum, fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum gætu fallið undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga og flokkar 8.3: þáttagerðar- og útsendingarstarfsemi og 13.3: útgáfustarfsemi á sviði framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni, hljóðupptöku og tónlist falla undir umhverfismarkmiðið aðlögun að loftslagsbreytingum.

## Samræmd starfsemi

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út að markmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað. Þó svo að bílar í eigu og rekstri Sýnar séu allir annað hvort rafmagnsbílar eða bensín/ rafmagnsbílar og uppfylli markmiðið um verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga eru kröfur sem snúa að hjólbörðum þeirra þess eðlis að gera þarf ráðstafanir til að þeir standist viðmið varðandi veltiviðnámsstuðul og ytri snúningshávaða. Eins og stendur næst ekki að uppfylla þær kröfur hjá bílum Sýnar og því er ekki hægt að staðfesta að þeir séu umhverfislega sjálfbærir í skilningi reglugerðarinnar.

Flokkar sem snúa að útvarps- sjónvarpssendingum og dagskrárgerð og útgáfustarfsemi efnis falla undir umhverfismarkmiðið aðlögun að loftslagsbreytingum. Þar eru viðamiklar kröfur gerðar til framkvæmdar loftslagsáhættu- og veikleikamats með tilliti til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Matið skal gert í fjórum skrefum út frá umfangi starfseminnar og væntum líftíma og koma skal fram með aðlögunarlausnir sem draga úr helstu efnislegu loftslagsáhættum. Slíkt mat hefur ekki farið fram á starfsemi Sýnar og því ekki hægt að staðfesta loftlagsáhættur í starfsemi fyrirtækisins.

## Lykilmælikvarðar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 og Sýn hefur lagt sig fram um að fylgja þeim leiðbeiningum. Hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda er reiknað í samræmi við 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga Sýnar. Eins ef að í ljós kemur að starfsemi félagsins fellur betur að öðrum umhverfismarkmiðum en þeim sem nú þegar hafa verið birt.

### Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildarvelta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildarveltu félagsins fyrir árið 2025 eins og hún kemur fram í skýringu 3 með ársreikningi. Þar af er 45% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en ekki var hægt að staðfesta að væri umhverfissjálfbær starfsemi.

### Fjárfestingargjöld

Sýn hefur úthlutað fjárfestingargjöldum

